

Nd. 258. Tillaga til þingsályktunar

um vegavinnu á næsta sumri.

Flm.: Gísli Guðmundsson, Bergur Jónsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að skora á ríkisstjórnina að haga svo vegavinnu á næsta sumri, að unnið verði fyrir og eftir slátt, en gert hlé á vegavinnunni, eftir því sem unnt er, meðan bændum er mest þörf vinnuafis til heyöflunar.

G r e i n a r g e r ð .

Það kemur sér yfirleitt illa í sveitum landsins, að unnið sé að vegagerð um hásláttinn. Sérstaklega á þetta þó við um vegarspotta í byggðum, þar sem héraðsmenn vinna að vegagerðinni. Nú í sumar verður þess þó ríkari þörf en nokkru sinni áður að gefa gaum að þessu atriði, því að fyrirsjáanlegt er, að búskapur allur verður í hættu vegna fólksfæðar. Er nú ýmislegt um það rætt, að gera þurfi ráðstafanir til úrbóta, og sýnist það þá hendi næst að taka þar til, sem ríkisstjórnin þegar hefur vald á. Er áriðandi, að vegavinnan hefjist alls staðar jafnskjótt sem klaki er úr jörðu að mestu, og sé svo gengið út frá, að henni verði haldið áfram fram eftir hausti, svo lengi sem tíð leyfir. Til þess að losna við vegavinnuna um sláttinn þyrfti e. t. v. fleiri verkstjóra en áður, eða þá að sami verkstjóri færi milli nokkurra vinnuflokka, en flokksstjórar önnuðust daglega verkstjórn, og má það áreiðanlega vel takast, því að víða í sveitum eru menn nú vanir orðnir þessum störfum.